

49 Til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni
31. maí leiðir, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjald á hús þau, sem hreins-
að er fyrir, eftir reglugerð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið
staðfestir, og sje gjaldið miðað við það, hve oft er hreinsað.

Húseigandi greiðir gjaldið.

2. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur
gjöld til bæjarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

50

31. maí

L Ö G

um

gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem toll ber af að greiða
samkvæmt tollögum, ef hún er flutt til landsins frá útlöndum, nema

hann hafi fengið leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan 50 fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða 31. maí sveitarsjóðs.

2. gr.

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hjer á landi, skal greiða gjald í rikissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tollögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga: hálf t aðflutningsgjald.

Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.

b. Fyrir brjóstsykur og konfekt: þriðjung aðflutningsgjalds.

c. Fyrir kaffibæti og óáfeng vín: hálf t aðflutningsgjald.

d. Fyrir ávaxtasafa, öl, límonaði eða aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds. Af sóðavatni greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Efnivörur til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolti. Þau iðnaðarfyrirtæki, sem reka vörugerð, er fellur undir c- og d-lið 2. gr. og stofnsett eru fyrir 1. janúar 1927, skulu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta af árlegri framleiðslu sinni, er samsvarar allri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færist niður í $\frac{1}{6}$ aðflutningsgjalds.

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er taka til starfa á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júlí 1927, fyrir vörumagn, er samsvarar fyrstu ársframleiðslu þeirra, þó eigi fyrir meira vörumagn en ársframleiðslu eldri samkynja fyrirtækja árið 1926.

Lögreglustjóri ákveður það vörumagn, er njóta skal þessarar ívilnunar, að fengnum upplýsingum frá hlutaðeiganda, er hann telur fullnægjandi.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Nær þetta ákvæði til allrar þeirrar vöru, sem er látin burt, seld eða send til umboðssölu eftir að lög þessi öðlast gildi.

5. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og fyrir sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undan-

50 gengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal
31. maí gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efnis í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og eftirlit með því og um annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

Í reglugerðinni má heimila lögreglustjóra að veita vörugerðarmanni gjaldfrest, gegn tryggingu, er lögreglustjóri telur gilda, þó aldrei lengur en svo, að alt áfallið gjald sje að fullu greitt í lok hvers ársfjórðungs.

Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara, eða gegn reglugerð, er sett verður samkvæmt 6. gr. þeirra, varða sektum, alt að 500 krónum. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100 til 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan.

8. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, er gilda um opinber reikningsskil.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 28. nóv. 1919. Leyfisbrjef til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt þeim lögum, halda gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

50

31. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

L Ö G

um

51

31. maí

laun skipherra og skipverja á varðeimskipum ríkisins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skipherrar hafa að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka á þriggja ára fresti um 400 kr., upp í 7200 kr. á ári.

2. gr.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 3900 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 3500 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 2900 kr. á ári.

3. gr.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 5400 kr. á ári.